

UMÍS Umhverfissráðgjöf Ísl ehf, Environice  
Hrafnhildur Tryggvadóttir  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. maí 2014  
Tilvísun: UST20140500200/bs

### Efnistaka í Hörgá Drög til kynningar. Umsögn

Vísað er til bréfs Environice ehf. dags. 20. maí og meðfylgjandi drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Hörgá sem send eru Umhverfisstofnun til kynningar.

Umhverfisstofnun telur að ef telja eigi efnistöku í farvegi Hörgár endurnýjanlega verði að gera grein fyrir hversu mikið efni berst í ána í stað þess efnis sem fjarlæggt verður.

Umhverfisstofnun bendir á að nýlega var opnuð stór náma á Moldhaugahálsi sem ætlað er að þjóna sama markaðssvæði og fyrirhugaðar námur í Hörgá. Í skýrslu umhverfissráðuneytisins Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi segir um fækkun náma: „Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hættu er á að sérstæð náttúrufyrirbæri verði fyrir skemmdum.“

Umhverfisstofnun vill benda á að það getur verið tímafrek og erfið aðgerð að breyta farvegum áa eins og fyrirhugað er í Hörgá. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á grein sem fjallar um breytingar á farvegi Skjarnár í Danmörku:

<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0925857413004163>


Umhverfisstofnun vill ennfremur benda á að fyrirhuguð efnistaka í Hörgá er að flestu leyti í ósamræmi við aðgerðir sem tíðkast víða í Evrópu í dag sem miða að því að endurheimta náttúrulega farvegi vatnsfalla sem breytt hefur verið:


<http://www.ecrr.org/home-ecological-river-restoration.html>

Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að ráðast í róttækar breytingar á farvegum Hörgár nema að fyrir liggi örugg vitneskja um hvernig áin muni bregðast við efnistöku.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að við mat á umhverfisáhrifum komi fram ítarlegar upplýsingar um það hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar á árfarvegum hafi á lífríki og umhverfi Hörgár.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri  
Afrít: Skipulagsstofnun

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur